

Málsnr.: R170100410  
Skjalasafn Ráðhúss  
25. sep. 2017  
Bréfalykill: 6651



Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri  
Óðinsgötu 8b  
101 Reykjavík

SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is


Reykjavík 11. september 2017  
Tilv.: SRN17050101/3.21.3.0

Hér með eruð þér skipaðir í starfshóp sem hefur það hlutverk að leiða viðræður samgöngufirvalda, heilbrigðisfirvalda, Reykjavíkurborgar og annarra sveitarfélaga og hagsmunaaðila með það að markmiði að finna ásættanlega lausn á framtíð Reykjavíkflugvallar fyrir haghafa og landsmenn alla. Leiðað verði lausna sem geti sættað ólík sjónarmið um það hlutverk sem flugvöllurinn gegnir í dag og til framtíðar.

Miðað er við að viðræðuhópurinn skili skýrslu til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra þann 1. júní 2018 með tillögum um framtíð flugvallarins sem metnar eru til þess fallnar að skapa viðtæka sátt um málið. Frumskýrslu um stöðu verkefnisins verði skilað þann 1. mars s.á. Vísað er til meðfylgjandi verkefnaáætlunar til nánari skýringar.

Starfshópurinn er skipaður eftirtöldum fulltrúum:

Hreinn Loftsson, formaður,  
Dagur B. Eggertsson,  
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir,  
Róbert Guðfinnsson,  
Linda Gunnarsdóttir.

  
Jón Gunnarsson  
Ragnhildur Hjaltadóttir

Fylgiskj.: Verkefnaáætlun

## Verkefnisáætlun

<b>Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið</b>	<b>Málsnúmer:</b> SRN17050101
<b>Skrifstofa:</b> Skrifstofa samangna	
<b>Heiti verkefnis:</b> Reykjavíkurlflugvöllur - viðræður - 2017	
<b>Dagsetningar</b>	<b>Núverandi staða verkefnis</b>
Upphaf verkefnis: 11/09/2017	<input checked="" type="radio"/> Í vinnslu
Áætluð lok verkefnis: 01/06/2018	<input type="radio"/> Í bið
Enda dagsetning *	<input type="radio"/> Lokið
Verkefni lokið	<input type="radio"/> Hætt við verkefni
Dagsetningin hvenær verkefni verður orðið ónothæft / óþarft	
<b>Markmið og lýsing verkefnis</b>	
<b>Markmið verkefnis</b>	
Finna ásemtanlega lausn á framtíð Reykjavíkurlflugvallar fyrir haghafa og landsmenn alla.	
<b>Lýsing verkefnis</b>	
Lengi hefur verið deilt um framtíð Reykjavíkurlflugvallar þar sem Reykjavíkurborg hefur um árabíl kveðið á um brotthvarf hans í Aðalskipulagi Reykjavíkur og nýtingu landsins fyrir íbúabyggð. Í samþykkt Skipulagstofnunar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er skipulagið samþykkt með þeim fyrirvara að samkomulag þurfi að liggja fyrir á milli ríkis og borgar um brotthvarf Reykjavíkurlflugvallar áður en hreyft er við honum. Stjórnvöld hafa hins vegar ekki séð nægar forsendur til þess að flytja flugvöllinn, m.a. vegna þess mikilvæga hlutverks sem hann gegnir í samgöngukerfi landsins, kostnaðar við flutninginn og þess að ekki hefur náðst samstaða um hvar hægt er að staðsetja nýjan flugvöll. Í samkomulagi ríkis og borgar frá október 2013 var ákveðið að setja af stað vinnu undir forystu Rögnu Arnadóttur með þátttöku Reykjavíkurborgar, innanríkisráðuneytisins og Icelandair Group til að fullkanna aðra kosti um staðsetningu flugvallar á höfuðborgarsvæðinu en núverandi stað. Stýrihópurinn skilaði tillögum sínum vorið 2015. Í vinnunni voru kannaðir nokkrir kostir fyrir staðsetningu flugvallar og voru fimm þeirra teknir til nánari greiningar, Hvassahraun, Löngusker, Hólmsheiði, Bessastaðanes og breyttur Reykjavíkurlflugvöllur. Í skýrslu hópsins leiðir samanburður þessara kosta í ljós að Hvassahraun sé álitlegasti kosturinn að mati hópsins. Í framhaldi af því barst innanríkisráðherra bréf frá borgarsjóra Reykjavíkur dags. 7. júlí 2015 þar sem hann lýsti sig reiðubúinn til þess að eiga viðræður við ráðuneytið um næstu skref á grundvelli þeirra gagna sem stýrihópurinn aflaði og tillagna hans. Fljótlega upp úr því komu upp deilur milli aðila um lokun brautar 06/24 á grundvelli samkomulags Eignasjóðs Reykjavíkurborgar og fjármála- og efnahagsráðuneytisins um skipulag og uppbyggingu á landi ríkisins við Skerjafjörð og skjali innanríkisráðherra og borgarsjóra frá því 25. október 2013 undirritað í framhaldi af samkomulagi innanríkisráðherra, borgarsjóra og Icelandair Group um innanlandsflug. Höfust málaferli sem lyktaði með dómi Hæstaréttar sem kvað á um að flugbrautinni skyldi lokað. Borgarsjóri ítrekaði atstöðu sína um viðræður á fundi með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra 1. mars 2017.	
Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar segir:	
<i>Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir lausn á áratugadeilu um framtíð Reykjavíkurlflugvallar með því að stofna til formlegra viðræðna samgönguyfirvalda, heilbrigðisfirvalda, Reykjavíkurborgar, annarra sveitarfélaga og hagsmunaaðila. Tekin verði ákvörðun um fyrirliggjandi kosti að undangengnu mati og innviðir innanlands- og sjúkraflygs þannig tryggðir til framtíðar.</i>	
Í samræmi við stefnuyfirlýsinguna hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra lýst sig reiðubúinn til þess að hefja viðræður um framtíð Reykjavíkurlflugvallar. Það er sjónarmið samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að slíkar viðræður skuli taka mið af eftirfarandi skilyrðum:	
» Flugvellir á suðvesturhorni landsins þurfa að uppfylla skilyrði um að allir landsmenn komist til	

og frá höfuðborgarsvæðinu innan 3,5 klst ferðatíma. Þjónustan verði sambærileg við núverandi flugvöll er varðar getu og afköst.

» Af öryggissjónarmiðum þurfa tveir flugvellir sem þjónað geta milliandaflogi með góðu móti að vera til staðar á suðvesturhorni landsins.

» Stjórnvöld geta ekki skuldbundið sig við dagsetningar til þess að opna nýjan flugvöll fyrir en staðsetning og hönnun liggja fyrir og að öll skilyrði um þjónustustig flugvallarins og fjármögnun af fjárlögum eru uppfyllt.

» Flugvellir á suð-vestur hluta landsins þurfa að uppfylla skyldur öryggishlutverks gagnvart íbúum landsins, þar með talið almannavarnarhlutverki, leit- og björgun og sjúkraflugi. Jafnframt er mikilvægt að góð astaða fyrir kennslu- og þjálfunarflegs séu á líkum flugvelli.

Einnig verði skýrsla Þorgeirs Pálssonar um hlutverk Reykjavíkurflygvallar í öryggiskerfi landsins höfð til hliðsjónar í vinnunni. Þá skuli í viðræðunum höfð hliðsjón af samkomulagi Reykjavíkurborgar og ríkisins frá því apríl 2013 og frá því í október 2013. Loks taki þær mið af markmiðum samgönguáætlunar. Sömu leiðis skuli niðurstaða Rögnunefndarinnar höfð til hliðsjónar í vinnunni, en einnig það sem féll utan verksviðs Rögnunefndarinnar. Þannig verði skoðað að flugvöllurinn verði áfram í óbreyttu formi á núverandi stað á meðan hann gegnir núverandi hlutverki.

Ljóst er að málefni Reykjavíkurflygvallar snerta mun viðtækari hagsmuni en Reykjavíkurborgar ekki sist þegar önnur staðsetning á flugvælinum en núverandi er rædd og því er ekki er unnt að takmarka viðræðurnar við Reykjavíkurborg. Til dæmis eiga önnur sveitarfélög hagsmuna að gæta varðandi Hvassahraun, komi það til umfjöllunar í nefndinni. Því er miðað við að þriggja manna hópur leiði viðræður við haghafa Reykjavíkurflygvallar. Leitað verði lausna sem geti sættað ólík sjónarmið um það hlutverk sem hann gegnir í dag og til framtíðar.

Miðað er við að leitað verði sátta um staðsetningu Reykjavíkurflygvallar og viðræðuhópurinn skili skýrslu með tillögum um framtíð Reykjavíkurflygvallar sem metnar eru til þess fallnar að skapa viðtæka sátta um málið. Í þeirri vinnu verði tillögur Rögnunefndarinnar um flugvöll í Hvassahrauni, óbreyttur flugvöllur í Vatnsmýrinni og breyttur flugvöllur í Vatnsmýrinni lagðar til grundvallar. Gert er ráð fyrir að viðræðuhópurinn eigi í vinnunni um mótnu til lagna um framtíð vallarins samráð við helstu haghafa sem skipaðir verða í sérstaka samráðsnefnd.

## Verkefnishópur

### Hlutverk í verkefni

### Nafn

### Verkefniseigandi

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

### Verkefnisstjóri:

Hreinn Loftsson

### Bak hjari:

### Þátttakendur:

Dagur B. Eggertsson

### Þátttakendur:

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir

### Þátttakendur:

Róbert Guðfinnsson

### Þátttakendur:

Linda Gunnarsdóttir

## Tímaáætlun, áfangaskipting

1. mars 2018 - Frumskýrslu skilað til ráðherra.

1. júní 2018 - Lokaskýrslu skilað til ráðherra.

## Kostnaðaráætlun

## Upphæð

### Kostnaðarliður

0,00 krónur

0,00 krónur